



Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til LFA ehf. vegna leikskólanna Fossakots og Korpukots verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 80 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til sex ára þar af 17 barna á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 4 og vegna 100 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 38 barna á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Fossaleyni 12. Þannig er hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag í heild óbreytt eða 100 börn vegna Fossaleynis 12 og 80 börn vegna Fossaleynis 4. Breytingin taki gildi 1. september 2022. Gerður er fyrirvari um að breytt rekstrarleyfi verði samþykkt.

Vegna þessa er sviðsstjóra falið að gera viðauka við núgildandi samning við LFA ehf. vegna leikskólanna Fossakots og Korpukots sem gildi til 31. desember 2022 til samræmis við tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hvað varðar framlengingu samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík.

Jafnframt er sviðsstjóra falið að gera nýjan samning við LFA ehf. vegna Fossakots og Korpukots á forsendum samnings vegna yngri barna á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða til samræmis við framangreint. Gildistími nýs samnings verði frá 1. september 2022 til 31. desember 2022 til samræmis við tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hvað varðar framlengingu samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík.